REGLUGERÐ

um vistunarmat aldraðra.

1. gr.

Áður en einstaklingur er vistaður til langdvalar í þjónustuhúsnæði aldraðra eða í hjúkrunarrými, sbr. 18. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989, skal meta vistunarþörf hans skv. ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Þjónustuhópur aldraðra, skv. 7. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra sbr. og 8. gr. sömu laga, annast mat á vistunarþörf.

3. gr.

Í Reykjavík skiptast verkefni þjónustuhóps aldraðra milli þjónustuhóps og matshóps.

4. gr.

Við hverja félags- og þjónustumiðstöð aldraðra í Reykjavík, skv. hverfaskiptingu, skal starfa þjónustuhópur sem í eiga sæti fulltrúar frá viðkomandi félags- og þjónustumiðstöð og heilsugæslustöð á starfssvæði miðstöðvarinnar. Í hópnum skal vera læknir og hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslustöðinni ásamt forstöðumanni og félagsráðgjafa frá félags- og þjónustumiðstöðinni. Þó skal ekki starfa fleiri en einn þjónustuhópur í hverju hverfi.

Hlutverk þjónustuhópanna í Reykjavík er:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra á starfssvæðinu.
2. Að setja upp í samvinnu við hinn aldraða samþætta áætlun um þjónustu, sem byggist á samræmdu faglegu mati.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir á starfssvæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast.

Kostnaður vegna þjónustuhóps greiðist af Reykjavíkurborg. Þátttaka læknis og hjúkrunarfræðings skal þó teljast hluti af starfskyldu þeirra á viðkomandi heilsugæslustöð.

5. gr.

Í Reykjavík skal starfa *matshópur* sem hefur það verkefni að meta vistunarþörf aldraðra í sveitarfélaginu.

Öldrunarnefnd, skv. 5. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989, tilnefnir fjóra í hópinn, lækni með sérmenntun á sviði öldrunarlækninga, hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu eða heilsugæslu og tvo starfsmenn öldrunarþjónustudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og skal annar þeirra vera félagsráðgjafi. Borgarstjórn velur matshópnum oddvita úr hópi tilnefndra.

Matshópurinn skal hafa starfsaðstöðu hjá öldrunarþjónustudeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Kostnaður vegna starfs hópsins greiðist af Reykjavíkurborg.

6. gr.

Þjónustuhópar aldraðra, í Reykjavík matshópur, halda sérstaka skrá, *vistunarskrá,* yfir alla aldraða einstaklinga á starfsvæði sínu, sem að loknu mati á vistunarþörf eru taldir þarfnast stofnanavistar.

Vistunarskrá skiptist í tvo flokka, annars vegar þá sem þurfa vist í þjónustuhúsnæði (sbr. 18. gr. 1. tl. laga um málefni aldraðra), hins vegar þá sem þurfa vist í hjúkrunarrými (sbr. 18. gr. 2. tl. laga um málefni aldraðra). Einstaklingum í hvorum flokki skal skipt í undirflokkana: mjög brýn þörf, brýn þörf og þörf.

7. gr.

Nú telur aldraður einstaklingur að hann þurfi að vistast til langdvalar á öldrunarstofnun og sendir hann þá beiðni um vistunarmat til þjónustuhóps aldraða þar sem hann býr, í Reykjavík til matshóps.

Þjónustuhópur aldraða, í Reykjavík matshópur, má ekki meta vistunarþörf nema fyrir liggi skrifleg beiðni eða samþykki hlutaðeigandi einstaklings.

Þjónustuhópur aldraða, í Reykjavík matshópur, skal vandlega gæta þess að öll félagsleg og heilsufarsleg úrræði til dvalar í heimahúsi, skv. reglum í fylgiskjali, hafi verið reynd. Hafi það ekki verið gert eða ef staðfest er að hlutaðeigandi einstaklingur er ekki fær um að taka sjálfstæðar ákvarðanir skal beiðni um vistunarmat vísað til öldrunarlækningadeildar. Sama gildir ef hlutaðeigandi einstaklingur samþykkir ekki beiðni um vistunarmat en þeir sem til þekkja telja nauðsyn á stofnanavist tvímælalausa. Um mat öldrunarlækningadeildar í þessum tilvikum gilda ákvæði 14. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Þegar þjónustuhópi aldraða, í Reykjavík matshópi, berst beiðni um vistunarmat skal hópurinn eða starfsmaður á hans vegum kanna gaumgæfilega félagslegar og heilsufarslegar aðstæður hlutaðeigandi. Við könnunina skal fylgja þeim reglum sem eru settar í fylgiskjali með reglugerð þessari.

Að könnun á félags- og heilsufarslegum aðstæðum lokinni skal þjónustuhópur aldraða, í Reykjavík matshópur, skrá niðurstöður matsins á þar til gert eyðublað, *matsblað*, og meta síðan þörf viðkomandi á stofnanavist. Að mati loknu skal skrá í þar til gerðan reit á matsblaðinu hvers konar stofnanavistun hlutaðeigandi er talinn þurfa og hversu brýn þörfin er. Á blaðið er einnig skráð hvenær mat er gert og hvenær endurmat skuli fara fram, ef nauðsynlegt þykir.

Við meðferð upplýsinga vegna vistunarmats skulu starfsmenn og þeir sem í þjónustuhópi aldraða, í Reykjavík matshópi, sitja gæta fyllsta trúnaðar.

9. gr.

Að mati loknu skal þjónustuhópur aldraða, í Reykjavík matshópur, færa nafn hins aldraða á vistunarskrá sbr. 6. gr.

Þjónustuhópar aldraða, í Reykjavík matshópur, skal ársfjórðungslega senda heilbrigðisráðuneytinu upplýsingar um fjölda fólks á vistunarskrá og flokkun þess.

10. gr.

Matsblað er afhent hlutaðeigandi einstaklingi eða þeim sem bað um vistunarmat fyrir hans hönd.

Þegar mat á vistunarþörf liggur fyrir getur hinn aldraði, eða einhver fyrir hans hönd, snúið sér til hvaða öldrunarstofnunar sem er og sótt um vistun á stofnuninni. Matsblað, með afritum, afhendir hann þeirri stofnun sem hann kýs helst að vistast á. Óski viðkomandi til vara vistunar á öðrum stofnunum sækir hann einnig um vist á þeim stofnunum og afhendir þeim ljósrit matsblaðsins ásamt upplýsingum um hvar frumritið sé að finna.

Stofnun skal gæta þess að mat sé enn í gildi, sbr. 2. mgr. 8. gr.

11. gr.

Nú losnar vistrými á öldrunarstofnun og ákveður stjórn viðkomandi stofnunar hvaða einstaklingi verður boðið rýmið. Ekki má bjóða það öðrum en einstaklingi sem sótt hefur um dvöl á stofnuninni og afhent gilt matsblað.

Þegar vistun hefur verið ákveðin geymir stofnunin frumrit matsblaðsins og sendir annað afrit þess til þjónustuhóps aldraðra sem annaðist matið, í Reykjavík matshóps, og hitt til Tryggingastofnunar ríkisins ásamt tilkynningu um nýjan vistmann.

Fylgi afrit matsblaðs ekki tilkynningu stofnunar til Tryggingastofnunar ríkisins, getur Tryggingastofnun, að fenginni tillögu viðkomandi þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, neitað að greiða dvalarkostnað vegna hlutaðeigandi einstaklings.

12. gr.

Nú dvelur aldraður einstaklingur í þjónustuhúsnæði fyrir aldraða en stjórnendur stofnunar telja að viðkomandi þurfi að flytjast í hjúkrunarrými:

1. Ef þjónustuhúsnæðið er hluti af blandaðri stofnun, þ.e. þar sem einnig er rekið hjúkrunarrými, skulu stjórnendur láta meta vistunarþörf viðkomandi einstaklings eftir þeim reglum sem eru settar í fylgiskjali með reglugerð þessari. Að vistunarmati gerðu tilkynna stjórnendur þjónustuhópi aldraðra á starfssvæðinu, í Reykjavík matshópi, um niðurstöðu matsins. Næst er hjúkrunarrými á viðkomandi stofnun losnar geta stjórnendur boðið viðkomandi einstaklingi að flytjast í hjúkrunarrými. Um tilkynningar vegna þessa gilda ákvæði 11. gr. þessarar reglugerðar.
2. Ef þjónustuhúsnæðið er ekki hluti af blandaðri stofnun skulu stjórnendur senda beiðni um vistunarmat til þjónustuhóps aldraðra á starfssvæðinu, í Reykjavík matshóps, sbr. 7. og 8. gr. reglugerðar þessarar.

13. gr.

Nú hefur aldraður einstaklingur dvalið á sjúkrahúsi og allt bendir til að viðkomandi þurfi á stofnanavist að halda eða dvöl hans er orðin lengri en 6 vikur án meðferðar og senda stjórnendur deildarinnar sem hlutaðeigandi dvelst á beiðni um vistunarmat til þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, sjá þó 7. gr.

14. gr.

Ef öldrunarlækningadeild er rekin í tengslum við sjúkrahús sem aldraður einstaklingur dvelur á má fela þeirri deild mat á vistunarþörf. Starfsmenn öldrunarþjónustudeildar annast mat á vistunarþörf í samræmi við þær reglur sem settar eru í fylgiskjali með reglugerð þessari, sbr. og 8. gr. hennar.

Þegar mat öldrunarlækningadeildar á vistunarþörf liggja fyrir skulu þær tilkynntar þjónustuhópi aldraðra, í Reykjavík matshópi. Er tilkynnning berst frá öldrunardeild skal þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, skrá hinn aldraða á vistunarskrá, sbr. 9. gr., sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

Um framhaldið fer skv. ákvæðum 10. gr.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 19. gr. sbr. 30. gr. laga nr. 82/1989, öðlast gildi 1. febrúar 1990.

Fyrstu tvö árin sem reglugerðin gildir skal faghópur, tilnefndur af heilbrigðisráðherra fylgjast með framkvæmd hennar. Að þeim tíma liðnum skal reglugerðin endurskoðuð með hliðsjón af reynslu af framkvæmd. Fylgiskjal skal þó endurskoða að ári liðnu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal.

VISTUNARMAT ALDRAÐRA

FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR

1.1.

Eigin aðstæður

0. *Góðar* — Hlutaðeigandi býr við góðar og tryggar heimilisaðstæður. Getur séð um aðdrætti, annast matargerð, þrif og þvotta. Er fær um að taka þátt í félagsstarfi og njóta félagsskapar.

3. *Ábótavant* — Hlutaðeigandi þarf aðstoð við aðdrætti, matargerð, þrif og þvotta, a.m.k. einu sinni í viku.

5. *Lélegar* — Hlutaðeigandi þarf verulega heimaþjónustu, a.m.k. þrisvar í viku og skortir félagsskap vegna einangrunar. Dagvistun einu sinni eða tvisvar í viku æskileg.

7. *Slæmar* — Hlutaðeigandi þarf daglega heimaþjónustu, býr við félagslega einangrun. Dagvistun æskileg.

10. *Neyðarástand* — Hlutaðeigandi þarf meiri aðstoð en heimaþjónusta getur veitt. Hann getur alls ekki verið einn.

1.2.

Heimilisaðstæður

0. *Góðar* — Húsnæði hlutaðeigandi er hlýtt, bjart, rúmgott, þægilegt og hann kemst hömlulaust allra sinna ferða úti sem inni.

3. *Sæmilegar* — Húsnæði hlutaðeigandi er sæmilegt eða ábótavant varðandi einn eða tvo eftirfarandi þætti (eða sambærilega þætti): hita, birtu, húsrými, aðgengi, innangengi o.s.frv.

5. *Lélegar* — Húsnæði hlutaðeigandi er lélegt eða ábótavant varðandi þrjá eða fjóra þætti (eða sambærilega þætti): hita, birtu, hýsrými, aðgengi, innangengi, stiga, snyrtingu o.s.frv.

7. *Slæmar* — Húsnæði hlutaðeigandi er slæmt en hægt að notast við það tímabundið.

10. *Neyðarástand* — Húsnæði er óviðunandi og brýn þörf á úrbótum þegar í stað.

1.3.

Aðstæður maka/aðstandenda

0. *Góðar* — Aðstandendur hafa góðar aðstæður til aðstoðar og veita hjálp. Fjarlægðir eru ekki vandamál.

3. *Lélegar* — Aðstoð aðstandenda illmöguleg vegna aðstæðna/fjarlægða/atvinnu o.s.frv.

10. *Neyðarástand* — Aðstandendur engir eða veita hvorki félagslega aðstoð né hjálp við heimilishald.

LÍKAMLEGT ATGERVI

2.1.

Líkamlegt heilsufar

Hér er átt við hvers konar eftirlit eða sérmeðferð vegna líkamlegra sjúkdóma að lyfjameðferð undanskilinni. Þjónusta er að jafnaði veitt af hjúkrunarfræðingi eða sjúkraliða.
Dæmi: Eftirlit með lífsmörkum (blóðþrýstingi, púls, öndun), t.d. hjá lokastigs hjarta- eða lungnasjúklingi. Sáremeðferð (legusár, skurðsár). Skol og eftirlit með slöngum.
Umbúðir og sérstök húðmeðferð, það að snúa sjúklingi reglulega vegna hættu á legusárum. Súrefnisgjöf.
Eftirlit með sjónskertum og heyrnardaufum.

Skali skýrir sig sjálfur

0. Engin þörf á reglulegu eftirliti.
1. Eftirlit þarf, en þó ekki vikulega.
3. Vikulegt eftirlit.
7. Daglegt eftirlit.
10. Eftirlit oft á dag.

2.2.

Lyfjagjöf	0. *Þarf ekki eftirlit*	Sjúklingur annast eigin lyf sjálfur án eftirlits.
	1. *Vikulegt eftirlit*	Skammtað í vikubox.
	5. *Daglegt eftirlit*	Líta þarf eftir lyfjum en ekki oftar en einu sinni á dag.
	7. *Eftirlit oft á dag*	Líta þarf eftir allri lyfjagjöf sem er oft á dag.
	10. *Sérhæft eftirlit*	Tryggja þarf að sjúklingur taki lyf, oft með fortölum og tryggja þarf að honum svelgist ekki á. Sérhæfð lyfjagjöf, svo sem lyf í æð.

ANDLEGT ATGERVI.

3.1.

Heilabilun	0. *Engin*	Einstaklingur áttar sig á stað, stund og eigin persónu (hefur skammtíma- og langtímaminni) og er fær um að rökræða og skipuleggja daglegar athafnir án aðstoðar.
	3. *Væg*	Nokkurt minnistap en einstaklingurinn er fær um að skipuleggja daglegar athafnir, áttar sig t.d. á fullnægjandi hátt (fylgist með tíma dags, máltíðum og árstíðum) en man ef til vill ekki vikudag eða mánaðardag.
	5. *Þó nokkur*	Minnistap truflar athafnir í daglegu lífi en viðkomandi tekur tilsögn. Þarf daglegt eftirlit og hvatningu, þarf t.d. tíma til að aðlagast nýju umhverfi, getur ef til vill ekki notfært sér öryggistæki (hnappur, sími). Þarf að minna á matmálstíma.
	7. *Mikil*	Verulegt minnistap og truflun á athöfnum daglegs lífs. Tekur ekki tilsögn, getur týnst.
	10. *Afar mikil.*	Lítill eða enginn skilningur t.d. lítil eða engin hæfni til þess að láta í ljós eigin þarfir. Kann að þekkja kunnugleg andlit en getur ekki viðhaldið mannlegu sambandi. Skilur fátt af því sem sagt er.

3.2.

Óróleiki – Afbrigðileg hegðun (Hér er átt við óróleika og afbrigðilega hegðun af ýmsu tagi.)

	Hávaði	T.d. talar hátt við sjálfan sig. Hrópar, ber í hluti, myndar torkennileg hljóð.
	Ósæmilega framkoma	T.d. háttar á almanna færi, óviðeigandi kynlíf, hendir eða smyr út fæðu, hrækir á gólf, borðar sápu.
	Líkamleg misnotkun	T.d. slær til annarra eða klórar sjálfan sig eða aðra. Hrindir öðrum eða losar um öryggisbúnað annarra.
	Andlega misnotkun	T.d. notar hlutaðeigandi ógnandi, meiðandi eða ósæmilegt orðbragð við viðstadda.
	Ráp	Einstaklingurinn ráfar um og reynir að jafnaði að sleppa þaðan sem hann er. Ratar ekki til baka ef hann sleppur út.
	Breyting á svefnvenjum	Dægravilla. Sefur á daginn og vakir um nætur.

Skalinn skýrir sig sjálfur

0. Enginn
3. Vandamál
7. Tíð og erfið köst
10. Varanleg og slæm köst

3.3.
Andleg líðan (Hér er átt við vanlíðan eða þjáningar vegna þunglyndis, öryggisleysis, kvíða, ranghugmynda, svefnleysis eða einsemdar.)

0. *Góð*	Engin vandamál af þessu tagi.
3. *Ábótavant*	Viðkomandi hefur sögu um eða fær tímabundin köst, sem þó svara læknismeðferð, andlegum eða félagslegum stuðningi.
7. *Slæm*	Varanlegt vandamál en léttir tímabundið við meðferð eða stuðning.
10. *Viðloðandi andlegar þjáningar*	Sjúklingur svarar ekki læknismeðferð eða stuðningi og þessi vandamál lita alla tilveru hans.

FÆRNI.
4.1.
Hreyfigeta

0. *Góð*	Getur gengið hjálparlaust og örugglega, hvenær sem er á nóttu eða degi. Fer allra sinna ferða utan dyra sem innan. *Dæmi:* Þarf enga mannlega aðstoð og notar ekki hjálpartæki, nema ef til vill staf á gönguferðum úti.
2. *Létt hjálp eða hjálpartæki*	Getur oftast, en ekki alltaf bjargað sér. Reiðir sig á öryggistæki (hnappur, sími). *Dæmi:* Sjálfbjarga með staf. Kæmist til málsverðar, án hjálpar, en þyrfti aðstoð við lengri ferðir svo sem á mannamót. Þreytist síðdegis, sem kemur fram í minnkaðri hreyfigetu.
3. *Bundinn hjólastól eða göngugrind*	Bundinn hjólastól eða göngugrind en þarf ekki hjálp að jafnaði, þó ekki oftar en þrjá daga í viku *Dæmi:* Flytur sig úr rúmi í stól án hjálpar og hreyfir sig sjálfstætt með hjálpartæki.
7. *Þarf mikla hjálp aðst.fólks*	Þarf reglulega takmarkaða hjálp. Getur ekki nýtt öryggistæki (hnappur, sími). *Dæmi:* Þarf alltaf eftirlit eða einhverja hjálp við að flytja sig, hreyfa sig í rúmi eða hreyfa sig úr stað.
10. *Hreyfigeta nær engin*	Hreyfir sig ekki án hjálpar. Þarf stöðugan mannlegan stuðning og leiðsögn í öllum flutningum og/eða við hreyfingu. Dæmi: Sjúklingi er lyft frá rúmi í stól. Nota þarf lyftara til að hreyfa sjúkling. Snúa þarf sjúklingi. Sjúklingur getur gengið en þarf aðstoð fleiri en eins.

4.2.
Hæfni til að matast

0. *Sjálfbjarga*	Kemst alltaf til málsverðar og hjálpar sér sjálf(ur) í öll þrjú mál.
1. *Matarskömmtun*	Kemst til málsverðar og borðar sjálfur en þarf að láta skammta sér. Ekki þörf á frekari eftirliti.
3. *Brytja þarf matinn (eða minna þarf á matmálst.)*	Sama og 1, nema til viðbótar þarf að brytja matinn. Ekki þarf að hvetja eða fylgjast með því er viðkomandi borðar.
5. *Þarfnast hvatning ar eða eftirlits*	Auk þess sem getur um undir 3, þarf viðkomandi reglulega hvatningu en getur borðað sjálfur án hættu á því að svelgjast á.
7. *Mötun*	Mata þarf viðkomandi en ekki hætta á því að honum svelgist á.
10. *Sérhæft eftirlit*	Mötun og sérhæft eftirlit með næringarástandi.

4.3. **Hæfni til að klæðast og annast dagleg persónuleg þrif**	0. *Sjálfbjarga, klæðist þvær sér og greiðir án hjálpar*	*Dæmi:* Nær í föt og gengur frá þeim án hjálpar. Getur notað allar tegundir fatnaðar, svo sem rennilása, tölur og smellur.
	1. *Þarf nokkurt eftirlit og aðstoð*	Þarf hjálp sjaldnar en daglega. *Dæmi:* Þarf nokkra hjálp við vikulegt bað.
	3. Þarf dagl. eftirlit	Dagleg hjálp. *Dæmi:* Taka þarf til föt daglega. Hjálp við að fara í sokka og skó. Hjálp við rakstur.
	7. *Þarf hjálp oft á dag*	Þarf algera hjálp í sumum atriðum oft á dag, t.d. við að klæðast, en getur þvegið sér sjálfur að hluta. Getur klæðst að mestu, en þarf hjálp við að hátta að kvöldi.
	10. *Ósjálfbjarga*	Sjúklingur þarf alla hjálp við persónuleg þrif og klæðnað, enda þótt han geti hreyft líkamshluta.
4.4. **Stjórn á þvaglátum og hægðum**	0. *Sjálfbjarga*	Algerlega einfær um að annast þvaglát og hægðir, þar með talin notkun hjálpartækja og annast aðgerðir vegna lausheldni.
	1. *Hjálp, þó ekki dag lega*	Þarf hjálp vegna þvags eða hægða, þó ekki daglega. *Dæmi:* Rétta þarf flát af og til. Hjálp með poka, þó ekki daglega.
	3. *Þarf hjálp daglega*	Þarf daglegt eftirlit, t.d. reglulega minnt á salerni. Lausheldni ekki oftar en einu sinni á dag. Hjálp við að komast á salerni, nokkur hjálp við poka.
	7. *Þarf hjálp oft á dag*	Lausheldni oft á dag, en ekki alltaf. Þarf hjálp oft á dag við að komast á salerni. Alger hjálp við poka og þar með talin sérstök húðvernd.
	10. *Ósjálfbjarga*	Lausheldni daga og nætur, þar sem engin sjálfstjórn er möguleg.

YFIRLIT

FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR

1.1. **Eigin aðstæður**
- 0. Góðar
- 3. Ábótavant
- 5. Lélegar
- 7. Slæmar
- 10. Neyðarástand

1.2. **Heimilisaðstæður**
- 0. Góðar
- 3. Sæmilegar
- 5. Lélegar
- 7. Slæmar
- 10. Neyðarástand

1.3. **Aðstæður maka/aðstandenda**
- 0. Góðar
- 3. Lélegar
- 10. Neyðarástand

LÍKAMLEGT ATGERVI

2.1. **Líkamlegt heilsufar:**
- 0. Engin þörf á reglulegu eftirliti
- 1. Eftirlit þarf, þó ekki vikulega
- 3. Vikulegt eftirlit
- 7. Daglegt eftirlit
- 10. Eftirlit oft á dag

2.2. **Lyfjagjöf:**
0. Þarf ekki eftirlit
1. Vikulegt eftirlit
5. Daglegt eftirlit
7. Eftirlit oft á dag
10. Sérhæft eftirlit

ANDLEGT ATGERVI

3.1. **Heilabilun:**
0. Engin
3. Væg
5. Þó nokkur
7. Mikil
10. Afar mikil

3.2. **Óróleiki – Afbrigðileg hegðun:**
0. Enginn
3. Vandamál
7. Tíð og erfið köst
10. Viðloðandi og slæm köst

3.3. **Andleg líðan:**
0. Góð
3. Ábótavant
7. Slæm.
10. Viðloðandi andlegar þjáningar

FÆRNI

4.1. **Hreyfigeta:**
0. Góð
2. Létt hjálp eða hjálpartæki
3. Bundinn hjólastól eða göngugrind
7. Þarf mikla hjálp aðstoðarfólks
10. Hreyfigeta nær engin

4.2. **Hæfni til að matast:**
0. Sjálfbjarga
1. Matarskömmtun
3. Brytja þarf matinn – minna á matmálstíma
5. Þarfnast hvatningar og eftirlits
7. Mötun
10. Sérhæft eftirlit

4.3. **Hæfni til að klæðast og annast perónuleg þrif:**
0. Sjálfbjarga
1. Þarf nokkurt eftirlit og aðstoð
3. Þarf daglegt eftirlit
7. Þarf hjálp oft á dag
10. Ósjálfbjarga

4.4. **Stjórn á þvaglátum og hægðum:**
0. Sjálfbjarga
1. Hjálp sjaldnar en daglega
3. Hjálp daglega
7. Þarf hjálp oft á dag
10. Ósjálfbjarga

MATSBLAÐ

FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR:

Stig:

LÍKAMLEGT ATGERVI:

Stig:

ANDLEGT ATGERVI:

Stig:

FÆRNI:

Stig:

ÚRRÆÐI:

	Já	Nei
1. Hafa félagslegar úrbætur verið reyndar?	———	———
2. Hafa félagslegar úrbætur verið reyndar, en ekki borið árangur?	———	———
Ástæður?.		
3. Hefur sjúklingur verið rannsakaður og endurhæfður á öldrunarlækningadeild?	———	———
4. Ef grunur leikur á heilabilun, hefur þá farið fram sérfræðileg greining (dementiu-rannsókn)?	———	———

HORFUR:

NIÐURSTÖÐUR:

A. Þjónustuhúsnæði
( ) Þörf
( ) Brýn þörf
( ) Mjög brýn þörf
Stig:

B. Hjúkrunarrými
( ) Þörf
( ) Brýn þörf
( ) Mjög brýn þörf
Stig:

Stig alls:

Dagsetning mats _____

Hverjir önnuðust matið? _____ SIGN.

Endurmat verði gert eftir _____ vikur _____mánuði.